

febrúar 2025

Uppbygging



ÓSKAVERÖLDIN

Í heila okkar er svæði sem við getum kallað óskaveröld. Óska merkir það allra besta sem við getum hugsað okkur. Í óskaveröldinni eru myndir af öllu því fólki og öllum þeim hlutum sem skipta okkur máli og gera okkur hamingjusöm. Þetta er eins konar myndaalbúm.




Myndir í óskaveröldinni lýsa einhverju sem okkur langar í/til. Ef við skoðum þessar langanir sjáum við að þær uppfylla einhverja þörf og mjög oft fleiri en eina þörf.

Við leitumst alltaf við að bera saman myndir úr raunveruleikanum við þær myndir sem eru í óskaveröldinni okkar. Þegar myndirnar passa saman merkir það að við fáum það sem viljum. Við erum glöð. Ef raunveruleikinn passar ekki við þær myndir sem við höfum í óskaveröldinni veldur það vanlíðan.



DÆMI UM VERKEFNI

Inni á sameiginlega svæðinu má finna möppu sem heitir *Óskaveröldin mín* en þar eru nánari upplýsingar og verkefni.



GAGNLEGIR TENGLAR

Facebook = Uppbygging sjálfsaga - uppeldi til ábyrgðar

Instagram = uppbygging_sjalfsaga

Heimasíða = uppbygging.is

Youtube.com = Fanney og Elín Uppbygging

